


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Meningarlæsi MELÆ1ML05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 4		

Kennarar	Valgerður Dögg Oddudóttir Jónsdóttir	Sk.st.	VAL
	Þorsteinn Krüger		ÞOK

Áfangalýsing:

Í áfanganum er nemandinn þjálfaður í læsi í víðum skilningi og gagnrýnni hugsun. Áhersla er á að nemandinn öðlist skilning á menningarsamfélagi nútímans, beri saman við mismunandi menningarsamfélög og átti sig á mikilvægi sjálfbærni, jafnréttis og lýðræðis. Að auki verður nemandinn meðvitaðri um tengsl einstaklings og samfélags, eigin ábyrgð, þátttöku og mögulegum áhrifum. Nemandinn kynnr sér það sem er að gerast í menningarlífinu, metur það og skoðar með aðstoð samnemenda og kennara. Um er að ræða verkefnabundið nám og nemandinn rannsakar viðfangsefni áfangans hverju sinni á gagnrýnni og skapandi hátt.


Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sjálfbærni í sínu umhverfi.
- eigin ábyrgð í samfélagi manna.
- mismunandi stöðu kynjanna í eigin samfélagi.
- mikilvægi fjölmennings í samfélaginu.
- eigin menningarsamfélagi í samanburði við önnur.
- mikilvægi lýðræðis í eigin samfélagi.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leita að og skoða upplýsingar um umhverfi sitt og samfélag
- skoða jafnrétti út frá menningarlegum gildum samfélagsins
- tengja menningu samfélagsins, gildi og verðmæti við eigið samfélag
- skoða eigin sjálfsmynd, tjá tilfinningar sínar og eigin skoðanir

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016	Meningarlæsi MELÆ1ML05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 4		

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra stöðu sína í samfélaginu með það að markmiði að vera virkur þjóðfélagsþegn
- ígrunda viðhorf sín
- beita rökhugsun til þess að draga ályktanir og gagnrýna samfélag sitt
- útskýra sjónarmið og skoðanir sínar á skapandi hátt
- meta gildi upplýsinga og draga ályktanir
- skrá úrlausnir sínar skipulega og skiptast á skoðunum við aðra
- skilja merkingu og tengsl hugtaka í námsefninu og vinna með þau

Námsgögn:

Ýmis gögn lögð fram af kennurum, ásamt efni á moodle.

Áætlun um yfirferð:

1. lota 20. ágúst - 6. september (3 vikur)


Kynning á áfanganum og helstu hugtökum sem tengjast efni hans: Menning, læsi, lýðræði, jafnrétti og sjálfbærni. Hópefli, samræður og hópavinna í tengslum við viðfangsefni áfangans. Áhersla lögð á umhverfismál og sjálfbærni í þessari lotu.

2. lota 9. september – 4. október (4 vikur)

Jafnrétti: Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. Fjallað verður um jafnrétti í víðu samhengi.

3. lota 7. október – 1. nóvember (4 vikur)

Fjölmenning: Ísland/Akureyri sem fjölmenningarsamfélag. Þjóðerni, siðir, trúarbrögð, matarmenning o.fl. Menningarhátíðir víða um heim skoðaðar.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Meningarlæsi MELÆ1ML05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 4		

4. lota 4. nóvember – 29. nóvember (4 vikur)

Lýðræði: Ábyrgð einstaklings í lýðræðissamfélagi, réttindi og skyldur, frelsi og ábyrgð. Kosningaréttur, stjórn mála flokkar, Alþingi og sveitarfélög. Fjölmiðlar.

2. desember – 6. desember:

Ýmis verkefni, samantekt á vinnubók, sjálfsmat.


Verkefni: Verkefni eru fjölpætt, byggja á leitarnámi, samræðum, rýni og greiningu.

Verkefni eru ýmist unnin í hópum eða sem einstaklingsverkefni.

Skilaform geta verið með ýmsu móti s.s. kynningar með glærum eða öðru móti, ritgerðir, myndbönd/stuttmyndir, útvarpsþættir, veggspjöld, vefsíður, málverk, ljóð, teikningar, tónlist o.fl.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Virkni	Þátttaka og virkni nemanda		10%
1. Lota	Verkefni úr 1. lotu		15%
2. Lota	Verkefni úr 2. lotu (þar af hugtakapróf sem gildir 10%)		20%
3. Lota	Verkefni úr 3. lotu		15%
4. Lota	Verkefni úr 4. lotu		15%
Vinnubók	Vinnubók með öllum verkefnum annarinnar		15%
Sjálfsmat	Sjálfsmat nemanda		10%
		Samtals:	100%
Annað:			

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Meningarlæsi MELÆ1ML05 Námsáætlun haustönn 2019	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 4 af 4		

Félags- og hugvísindabraut

Reglur um verkefnaskil

- Öll verkefni sem gilda til einkunnar skulu tilgreind í kennsluáætlun hvers áfanga. Þar skal koma fram í hvaða efnispætti eða lotu á að skila viðkomandi verkefnum sem og vægi þeirra.
- Nemendum sem eru undanþegnir mætingaskyldu skulu fylgjast með skiladögum einstakra verkefna og ber þeim að virða þá.
- Kennurum er heimilt að veita lengri skilafrest vegna veikinda, hafi þau verið tilkynnt áður en skilafrestur rann út.
- Kennurum er ekki heimilt að veita lengri skilafrest vegna vinnu, íþróttá, félagsmála eða ferðalaga nema það samræmist reglum skólans um undantekningar þar á.
- Ef vanskil verða lækka einkunnir verkefna sem gilda 10% eða meira sem hér segir:

1 virkur dagur: 0,5

2 virkir dagar: 1

3 virkir dagar: 1,5

4 virkir dagar: 2

5 virkir dagar: 2,5

Eftir þessa fimm daga hafa nemendur viku til að skila verkefni, en eftir það verður ekki tekið við því.

- Athugið að samkvæmt námsmatsreglum skólans verður nemandi að skila öllum námsmatsþáttum til að standast símatsáfangi.

Símar og önnur snjalltæki eru aðeins leyfileg með leyfi kennara.

Með fyrirvara um breytingar.

Valgerður Dögg Jónsdóttir Oddudóttir (vala@vma.is)

Þorsteinn Krüger (kruger@vma.is)

Dagsetning:

Valgerður Dögg Jónsdóttir Oddudóttir
20/8 '19
Undirritun kennara
Þorsteinn Krüger

Þorsteinn Krüger
Undirritun/brautarstj., fagstj eða staðgengils